



# Grunnnám fyrir skólaliða - Námskrá -







<b><i>Inngangur</i></b> .....	<b>1</b>
Forsendur náms.....	2
Hugtök í námsmarkmiðum .....	3
Lokamarkmið .....	3
Skipulag náms.....	4
<b><i>Námsþættir og lýsingar</i></b> .....	<b>5</b>
Kynning.....	5
Að hefja nám .....	6
Sjálfstyrking og samskiptatækni.....	7
Skipuleg vinnubrögð og upplýsingaleit .....	8
Starfið og ég.....	9
Uppeldi og umönnun .....	10
Slysavarnir og skyndihjálp.....	11
Agi og reiðistjórnun.....	12
Fötluð börn og börn með sérþarfir .....	13
Leikur og skapandi vinna .....	14
Matur og næring .....	15
Ræsting og umhverfið .....	16
Mat á námi og námsleið .....	17
<b><i>Mat til styttingar náms í framhaldsskóla</i></b> .....	<b>18</b>



Grunnnám fyrir skólaliða er hannað af **Símenntunarmiðstöðinni á Vesturlandi**. Það verður til sem afurð þarfagreiningar sem unnin var með Markviss-aðferðinni í skólum á Snæfellsnesi og í Búðardal. Þarfagreiningin var gerð með styrk úr Starfsmenntasjóði félagsmálaráðuneytisins.

Námið, sem er 70 kennslustundir, er einkum ætlað þeim sem hafa umsjón með grunn-skólabörnum í frímínútum, í útivist og á matmálistímum auk þess að ræsta skólahúsnæði og sinna skyldum verkefnum á því sviði. Námið getur einnig nýst þeim sem aðstoða kennara þegar þeir sinna nemendum sem þurfa sérstaka aðstoð svo og þeim sem líta eftir börnum á leikskólum. Líta má á námið bæði sem starfsnám ætlað til að efla þátttakendur í starfi en einnig sem góðan grunn að frekara námi í faginu, t.d. tveggja anna framhaldsskólanámi fyrir þá sem vilja starfa sem skólaliðar. Menntamálaráðuneytið hefur samþykkt að það megi meta til allt að 6 einingum til styttingar náms í framhaldsskóla. Námið má meta á móti allt að 6 einingum í vali, 6 einingum á kjörsviði og/eða til almennra greina eftir styrkleika viðkomandi einstaklings.

Tilgangur námsins er fyrst og fremst að efla aðstoðarfólk leik- og grunnskóla í starfi. Það gerist á tvennan hátt: Með því að efla þeim sjálfstraust og með því að styrkja faglega hæfni þeirra í starfi. Í náminu er lögð áhersla á að þátttakendur læri að læra, efla sjálfstraust sitt og lífsleikni. Námið er ætlað fullorðnu fólki á vinnumarkaði, fólki sem er eldra en 18 ára og með stutta formlega skólagöngu. Skipta má náminu upp í lotur eftir aðstæðum hverju sinni.

Námsskrá þessi er ætluð þátttakendum, leiðbeinendum og þeim sem vilja bjóða nám af þessu tagi. Námsskráin er einnig ætluð þeim sem vilja leggja mat á þýðingu námsins til starfs, áframhaldandi náms eða annars sem nám af þessu tagi kann að hafa þýðingu fyrir.

Námsskrá þessi er gefin út af Fræðslumiðstöð atvinnulífsins með það að markmiði að auka skilvirkni og gæði náms, gera nám gagnsærra og auðvelda styttingu á framhaldsskólanámi.

Fræðslumiðstöð atvinnulífsins gerir kröfur til þeirra sem heimild fá til að nota náms-skrá þessa um að þeir framfylgi formlegu gæðakerfi sem FA viðurkennir, einnig að framkvæmdaraðili framfylgi skilgreindum kennslufræðilegum kröfum sem eru viðurkendar af FA.



Námsleið þessi er einkum ætluð þeim sem í grunnskólum hafa umsjón með börnum í frímínútum, í útivist, á matmálistímum auk þess að ræsta skólahúsnæði og sinna skyldum verkefnum á því sviði. Störf þeirra gera því kröfur til færni í samskiptum einkum við börn og þeir þurfa að þekkja til starfa stuðningsfulltrúa til þess að geta liðsinnt börnum sem þurfa á sérstökum stuðningi að halda. Aðstoðarfólk í leik- og grunnskólum þarf að þekkja kröfur um slysavarnir innan og utan húss og kunna fyrstu viðbrögð slysa og óhappa. Enn fremur að þekkja kröfur sem gerðar eru til meðferðar og umgengni matvæla í grunnskólum og þekkja til næringarfræði fyrir börn. Auk þessa þarf aðstoðarfólk í leik- og grunnskólum að þekkja kröfur sem gerðar eru til hreinlætis og meðferðar hreinsiefna. Námsleiðin nýtist einnig þeim sem aðstoða kennara í grunnskólum þegar þeir sinna nemendum sem þurfa sérstaka aðstoð og einnig þeim sem lita eftir börnum í leikskólum.

Í náminu er lögð áhersla á að þátttakendur læri að læra og efli sjálfstraust sitt. Í náminu er byggt á frammistöðu og ábyrgð einstaklings sem og samvinnu og samábyrgð allra sem koma við sögu þess. Námsárangur er ekki aðeins vitnisburður um frammistöðu einstaklings heldur einnig vitnisburður um aðstæður til náms og árangur af samvinnu námsmanna og leiðbeinenda. Námsferni, framsetningu og framvindu náms verður að sniða eftir forsendum þátttakenda. Aðbúnaður og aðstoða verða að hæfa fullorðnu fólki.

Engar kröfur eru gerðar til skólagöngu áður en nám hefst. Námsmenn gangast ekki undir formleg próf. Námsmenn eru fullorðin fólk, á misjöfnum aldri, með mislangan starfsaldur, í ólíkum störfum. Reynsla þeirra er því afar misjöfn og misjafnt hve langt er um liðið frá því þeir voru síðast í skóla.

Leiðbeinandi þarf að hafa færni til að skilgreina þarfir, tilgang og markmið starfs síns með þátttakendum og skilgreina þá með tilliti til forþekkingar, markmiða og leiða. Hann þarf að geta ráðað niður námsefni með tilliti til markmiða, skipulags efnis og tímasetninga. Leiðbeiningar eiga að vera við hæfi fullorðinna og í samræmi við kröfur sem gerðar eru til námsaðstöðu þeirra.

Leiðbeinandi verður að búa yfir samskiptafærni til að tengjast námsmönnum og vinna traust þeirra. Hann á að skapa vinsamlegt andrúmsloft og sýna hinum fullorðna námsmanni - reynslu hans og þekkingu - fulla virðingu. Enn fremur þarf leiðbeinandi að gera sér ljósar ástæður námsmanns fyrir að taka þátt í náminu og markmiðum hans með því. Leiðbeinandi verður einnig að gera sér grein fyrir algengum hindrunum í námi fullorðinna (eins og t.d. kvíða og óöryggi) og bregðast á viðeigandi hátt við þeim.

Leiðbeinanda ber að örva og hvetja námsmenn og leggja sig fram um að svara þörfum þeirra fyrir útskýringar og endurgjöf. Hann verður að gera sér ljóst að eðlislægar forsendur til að læra eru mismunandi. Þess vegna er gerð krafa til þess að framsetning hans sé ekki einhæf eða vélræn heldur lagi sig að mismunandi færni þeirra með það fyrir augum að auðvelda þeim nám. Enn fremur þurfa framsetning og viðfangsefni að hafa sem mesta skírskotun til veruleika og reynslu námsmanna.

Námsmenn eiga að fá tækifæri til að spreyta sig á margvíslegan hátt. Verkefnavinna, atvikakönnun, hlutverkaleikir, verklegar æfingar upp á eigin spýtur eða í hópi, rökræður, umræður og sjálfsmat eru dæmi um aðferðir sem leiðbeinandi getur beitt í því skyni að sem flestir finni námstækni og námshraða við hæfi sitt.

Mikil áhersla er lögð á að leiðbeinandi og námsmenn fari sem oftast yfir það sem hefur áunnist. Leiðbeinandi á að hafa færni til að meta árangur námsmanna án þess að nota hefðbundin próf, meta námsferlið, nota símataaðferðir og gefa skýrslu um niðurstöður.



## Hugtök í námsmarkmiðum

Í námsmarkmiðum skólans eru eftirfarandi hugtök notuð:

- *kynnast* í merkingunni komast í kynni við, vita af einhverju.
- *þekkja* í merkingunni bera kennsl á, átta sig á, hafa vitneskju um.
- *auka færni sína* í merkingunni að eflast, að taka framförum í viðkomandi námsgrein frá því að námsmaður hóf nám.
- *vera fær um* í merkingunni hafa á valdi sínu, geta eitthvað sem maður hefur lært, kunna að gera eitthvað, hafa lært vinnubrögð, gera sér grein fyrir einhverju, vita hvernig eitthvað er.



## Lokamarkmið

Lokamarkmið námsins eru að í lok námsins hafi námsmaður:

- eflt sjálfstraust sitt og öryggi til faglegra starfa og frekara náms.
- aukið færni sína í umgengni við börn og unglinga í skóla án aðgreiningar.
- aukið færni sína í að umgangast og hafa aga á börnum í grunnskólum.
- aukið færni sína í samstarfi við samstarfsfólk og foreldra.
- öðlast þekkingu á hvar og hvenær þagnarskylda á við.
- aukið faglega þekkingu sína á matvælum og umgengni matvæla í skólum.
- aukið færni sína í að veita fyrstu hjálp ef slys eða óhöpp verða og bregðast rétt við á slysstað.
- aukið færni sína í að ræsta, velja viðeigandi og umhverfisvæn hreinsiefni og umgangast þau.
- hafi mætt a. m. k. 80% skv. stundaskrá námskeiðsins.



Grunnnám fyrir skólaliða er 70 kennslustundir. Hver kennslustund er 40 mínútur. Í náminu er lögð áhersla á að leiðbeinendur skírskoti til starfa í leik- og grunnskólum eða annarra námsþátta eins og kostur er.

Æskilegt er að umsjónarmaður námsins sjái um kynningu námsskrár og dagskrár námsins og verði í augum námsmanna þungamiðja starfsins. Hann gætir þess að leiðbeinendur skírskoti til starfa í leik- og grunnskólum eða annarra námsþátta eins og kostur er.

Heimilt er að breyta vægi einstakra þátta námsins, fella niður námsþætti og bæta öðrum við eða bæta skyldum námsþáttum við án þess þó að draga úr heildarfjölda námsstunda enda fari breytingin ekki í bága við markmið námsins eða tilgang þess.

Námsþáttur	Kst
Kynning	1
Að hefja nám	4
Sjálfstyrking og samskiptatækni	12
Skipuleg vinnubrögð og upplýsingaleit	4
Starfið og ég	3
Uppeldi og umönnun	10
Slysavarnir og skyndihjálp	6
Agi og reiðistjórnun	7
Fötlud börn og börn með sérþarfir	10
Leikur og skapandi vinna	5
Matur og næring	2
Ræsting og umhverfið	5
Mat á námi og námsleið	1
<b>Samtals</b>	<b>70</b>



Um námsmarkmið, námslýsingar, námsaðferðir og námsefni ber almennt að hafa í huga að alla framkvæmd á að miða að því að greiða fyrir námi. Enn fremur að námsmenn hafa misjafna lífsreynslu, læra með mismunandi hætti og þurfa til þess mislangan tíma. Vægi og innhald námsþátta verður því að laga að nokkru leyti að þörfum þeirra.

Æskilegt er að forþekking námsmanna sé könnuð í upphafi námsþátta. Leiðbeinendur verða að laga efni sitt og aðferðir sínar að þekkingu námsmanna og þörfum fullorðins fólks sem er í námi jafnvel eftir langt hlé.



## Kynning

1 kennslustund

### Námsmarkmið:

---

Að námsmenn

- þekki forsendur námsins, markmið þess og skipulag.
- kynnist hverjir öðrum.
- verði færir um að tjá væntingar sínar til námsins.

### Námslýsing:

---

Megináhersla er lögð á markmið, forsendur og skipulag námsins. Einnig þær kröfur sem gerðar eru til einstakra námsmanna og þær kröfur sem þeir geta gert til annarra. Þá verði reynt að leiða í ljós væntingar sem námsmenn hafa til námsins. Losað er um spennu jafnframt því að námsmenn kynnast hverjir öðrum og leiðbeinanda.

### Námsaðferð:

---

Umsjónarmaður námskeiðs kynnir efni námskrárinnar, skipulag námsins og stjórnar umræðum. Umsjónarmaður gætir þess að framsetning og aðferðir verði til þess að draga úr kvíða og losa um spennu og notar „ísbrjóta“ til þess að hrista hópinn saman.

### Námsefni:

---

Námsskrá Grunnnáms skólaliða og dagskrá. Viðtalsblað með spurningum sem leiðbeinandi útbyr.





## Að hefja nám

4 kennslustundir auk mögulegra tengsla við *Skipuleg vinnubrögð og upplýsingaleit*

### Námsmarkmið:

---

Að námsmenn

- þekki í aðalatriðum hvað hefur áhrif á nám.
- kynnist undirstöðuatriðum í námstækni.
- kynnist hugmyndum um ólíkan námsstíl fólks.

### Námslýsing:

---

Megináhersla á að námsmenn kynnist því hvernig fólk lærir á ólíkan hátt og geri sér þannig grein fyrir hvaða námsstíll hentar þeim best. Sérstaklega fjallað um mikilvægi jákvæðs viðhorfs til náms og áhrif þess á námsárangur. Einnig að námsmenn kynnist aðferðum námstækni, t.d. aðferðum til að muna og skilja. Þá verði rætt um hvernig kennslustofan og aðstæður í henni, viðmót kennara, líðan námsmanna og fleira getur haft áhrif á námsárangur.

### Námsaðferð:

---

Leiðbeinandi dregur upp heildarmynd af því sem hefur áhrif á nám og fjallar um helstu þætti í námstækni. Þankahríð og umræður. Verkefni. Mögulegt að kenna í tengslum við „Skipuleg vinnubrögð og upplýsingaleit“.

### Námsefni:

---

T.d. Verkefni og annað námsefni frá leiðbeinanda.



### Námsmarkmið:

---

Að námsmenn

- þekki helstu þætti sem hafa áhrif á sjálfstraust.
- þekki samhengið milli sjálfstrausts og framkomu einstaklings.
- þekki undirstöðuatriði tjáskipta.
- auki færni sína í virkri hlustun.
- auki færni sína í að hrósa og gagnrýna og að taka hrósi og gagnrýni.
- þekki mikilvægi líkamstjáningar í samskiptum við börn.
- auki færni sína í að setja mörk í samskiptum.
- auki færni sína í hóp- og samvinnu.
- kynnist því hvernig þeir geta sjálfir haft áhrif á eigið sjálfstraust.
- þekki streitu og streituvalda.
- kynnist því hvaða áhrif streita í vinnu getur haft á heilsuna og kynnist leiðum til að vinna gegn henni.

### Námslýsing:

---

Leiðbeinandi fer yfir ólíkar gerðir samskipta og mismunandi framkomu. Einnig er fjallað um hvernig sjálfstraust eða skortur á því hefur áhrif á framkomu og samskipti. Fjallað um samskipti við nemendur, foreldra og samstarfsfólk. Fjallað um leiðir til að ná betri árangri í samskiptum og hvernig hægt er að forðast misskilning með því að vanda leiðbeiningar, sýna ákveðni í framkomu o.fl. Fjallað um hvernig tjáning án orða hefur áhrif á börn og um aðferðir við að setja börnum mörk. Áhersla á virka hlustun og að læra að gefa og meðtaka bæði gagnrýni og hrós. Fjallað um áhrif streitu á líkamlega og andlega heilsu.

### Námsaðferð:

---

Leiðbeinandi kynnir efnið, stjórnar umræðum og leggur fram gögn fyrir sjálfsmat og verklegar æfingar í hópum. Mikið lagt upp úr virkri þátttöku námsmanna.

### Námsefni:

---

T.d. Efni frá leiðbeinanda.



### **Námsmarkmið:**

---

Að námsmenn

- auki sjálfstraust sitt og færni í að afla upplýsinga og meta þær.
- auki færni sína í að beita skipulegum vinnubrögðum í vinnu sinni.
- þekki mikilvægi góðs vinnuskipulags.

### **Námslýsing:**

---

Megináhersla er lögð á að þjálfa námsmenn í að afla upplýsinga í gegnum bækur, tímarit, bæklinga og/eða tölvur eða með því að leita upplýsinga hjá viðeigandi félagasamtökum eða stofnunum. Fjallað um skipulögð vinnubrögð og hvernig þau geta hjálpað í starfi og til að draga úr streitu. Einnig verður rætt um hvernig upplýsingaleit og -miðlun getur nýst í starfi.

### **Námsaðferð:**

---

Leiðbeinandi kynnir efnið og stjórnar umræðum. Námsmenn skrá efni sem er að finna á vinnustað þeirra um tiltekinn sjúkdóm, fötlun, þroskafrávik eða hegðunarörðugleika og afla upplýsinga um fötlun og/eða sjúkdóma eða annað málefni sem þeir hafa kynnst í starfi og kynni fyrir öðrum námsmönnum t.d. munnlega, skriflega með veggspjaldi eða öðrum hætti sem þykir heppilegur. Mögulegt að kenna í tengslum við eða sameina „Að hefja nám“ og skírskota til „Fötlun börn og börn með sérþarfir“ og „Sjálfstyrking og samskiptatækni“.

### **Námsefni:**

---

T.d. efni frá leiðbeinanda, bækur, blöð og tímarit auk heimilda sem námsmenn safna.



### Námsmarkmið:

---

Að námsmenn

- kynnist starfslýsingum skólaliða, stuðningsfulltrúa og/eða starfslýsingum leiðbeinenda í leikskólum.
- þekki ábyrgð sína og stöðu gagnvart börnum og foreldrum þeirra.
- verði færir um að gæta þagnarskyldu.
- kynnist því hvað felst í fordómum og hvernig hægt er að bregðast við þeim.

### Námslýsing:

---

Megináhersla er lögð á inntak og forsendur starfa skólaliða og stuðningsfulltrúa og því hlutverki sem þeir gegna innan skólans. Mikil áhersla er lögð á mikilvægi trúnaðar og þeirrar ábyrgðar sem fylgir starfinu. Námsmenn kynnist því hvernig fordómar geta birst í daglegu starfi.

### Námsaðferð:

---

Leiðbeinandi dregur upp heildarmynd af starfi skólaliða og stuðningsfulltrúa, fjallar um helstu efnisatriði og skýrir helstu hugtök svo sem fötlun, fordóma o.fl. Hann dregur upp dæmi eða segir sögur tengdar efninu. Leiðbeinandi stjórnar umræðum og leggur fyrir verkefni. Leiðbeinandi skírskotar til námsþáttarins „Uppeldi og umönnun“.

### Námsefni:

---

T.d. verklýsingar skólaliða, stuðningsfulltrúa og leiðbeinenda í leikskólum. Aðalnámskrá framhaldsskóla: Námskrá Grunnnáms fyrir skólaliða.



### Námsmarkmið:

---

Að námsmenn

- kynnist mikilvægum áföngum í þroskaferli barna og unglunga.
- kynnist helstu álitamálum í uppeldismálum.
- auki færni sína í að beita jákvæðum og uppbyggjandi samskiptum.
- þekki leiðir til að leysa ágreining í samskiptum.
- þekki ýmsar aðferðir til að örva barn til að tjá sig.

### Námslýsing:

---

Fjallað um hugtakið uppeldi og ólík viðhorf til þess. Námsmenn kynnist mismunandi hugmyndum um uppeldi svo sem ólíkum hugmyndum um aga og sjálfræði barna. Námsmenn kynnist mikilvægum áföngum í þroskaferli barna og unglunga. Fjallað um samskipti barna og unglunga og sérstaklega rætt um hvernig taka megi á einelti.

### Námsaðferð:

---

Leiðbeinandi fjallar um helstu kenningar, stjórnar umræðum og hópvinnu.

### Námsefni:

---

T.d. efni frá leiðbeinanda.



### Námsmarkmið:

---

Að námsmenn

- þekki hvernig koma má í veg fyrir slys á börnum.
- þekki hvernig bregðast á við þegar komið er á slysstað.
- auki færni sína í að beita einföldum aðferðum við skyndihjálp á öruggan hátt.
- auki færni sína í að meta almenn einkenni algengra sjúkdóma og áverka.
- verði færir um að beita skyndihjálp við algengustu slys á börnum.

### Námslýsing:

---

Farið er yfir fyrstu aðgerðir á vettvangi slyss eða skyndilegs sjúkdómstillfellis, t.d. vegna flogaveiki eða sykursýki, þá er farið í skoðun og mat á ástandi, blæðingu, losti og bráðum sjúkdómum. Einnig er farið yfir þroska barna og hvernig hann tengist slysum, öryggisútbúnað fyrir börn og skyndihjálp við algengum slysum á börnum, s.s. beinbrot, höfuðhögg, brunasár o.fl.

### Námsaðferð:

---

Leiðbeinandi kynnir efnið, stjórnar umræðum og leggur fyrir verkefni.

### Námsefni:

---

T.d. Skyndihjálp og endurlífgun; Rauði kross Íslands 2000. Vinnubók. Myndband.



### Námsmarkmið:

---

Að námsmenn

- þekki til einkenna þroskafrávika og hegðunarerfiðleika.
- þekki leiðir til að bregðast við reiðiköstum, agavandamálum barna og unglinga.
- þekki leiðir til að styrkja jákvæða hegðun.
- auki færni sína í að stjórna börnum í hópi.

### Námslýsing:

---

Námsmenn kynnist einkennum þroskafrávika. Fjallað um hegðunarerfiðleika hjá börnum og unglingum. Sérstaklega lögð áhersla á leiðir til að styrkja jákvæða hegðun og kenna heppilegar samskiptaleiðir. Einnig fjallað um samskipti og aðstoð við börn og unglinga í vanda og rætt hvert leita skuli ef með þarf vegna vanda barna eða unglinga.

### Námsaðferð:

---

Leiðbeinandi kynnir efnið, leggur fyrir hópinn dæmi eða raunhæf verkefni og stjórnar síðan umræðum.

### Námsefni:

---

T.d. efni frá leiðbeinanda.



### Námsmarkmið:

---

Að námsmenn

- kynnist hugtökum um fötlun, þroskafrávik og langvinn veikindi og þeim áhrifum sem þau hafa á þroska barna og sjálfsmynd.
- þekki grundvallaratriði í vinnu með fötluðum einstaklingum.
- kynnist starfi hagsmunasamtaka fatlaðra og langveikra barna.
- kynnist þjónustustofnunum fyrir fatlaða og börn með sérþarfir.
- auki færni sína í umönnun og samskiptum við fatlaða og börn með sérþarfir.

### Námslýsing:

---

Megináhersla er lögð á að námsmenn þekki og skilji röksemdirnar á bak við hugtakið „skóli án aðgreiningar“. Fjallað er um mismunandi fötlun, þroskafrávik og langvinn veikindi, einnig það sem er á bak við algeng greiningarhugtök. Lög og reglugerðir um málefni fatlaðra og langveikra barna kynnt, svo og hagsmunasamtök og þjónustuaðilar. Fjallað um þarfir fatlaðra barna og barna með sérþarfir og hvernig skólinn getur best brugðist við þeim.

### Námsaðferð

---

Kynning leiðbeinanda, umræður og verkefnavinna.

### Námsefni:

---

T.d. lög og reglugerðir sem varða fötluð og langveik börn. Efni frá hagsmunasamtökum og þjónustuaðilum.





### Námsmarkmið:

---

Að námsmenn

- þekki gildi lista og skapandi starfs fyrir þroska barna og unglunga.
- verði færir um að skipuleggja leiki fyrir og með börnum og unglungum.
- þekki til hugmynda um gildi leikja fyrir þroska og menntun barna og unglunga.
- kynnist flokkun leikja í hreyfileiki, sköpunarleiki, hlutverkaleiki o.s.frv.
- kynnist þemastarfi í tengslum við listkennslu.

### Námslýsing:

---

Megináhersla á mikilvægi leiks og skapandi starfs. Fjallað um tegundir leikja og útileikir rifjaðir upp. Farið í hvernig beita má þemastarfi í tengslum við listsköpun barna. Farið í tengsl leikja og sköpunar við þroska barna.

### Námsaðferð:

---

Leiðbeinandi kynnir efnið og stjórnar verklegri kennslu.

### Námsefni:

---

T.d. efni frá leiðbeinanda.



### Námsmarkmið:

---

Að námsmenn

- þekki mikilvægi hreinlætis í meðferð matvæla.
- þekki aðferðir til geymslu matvæla og þekki geymsluþol þeirra.
- kynnist næringarþörf barna og unglunga og mikilvægi þess að mataræði þeirra sé hollt og fjölbreytt.

### Námslýsing:

---

Megináhersla á hreinlæti og örugga meðferð matvæla. Þá er fjallað um næringarefni í mat og næringarþörf barna og unglunga. Leiðbeinandi gerir grein fyrir áhrifum mikillar sykurneyslu og of mikillar neyslu skyndibitafæðis.

### Námsaðferð:

---

Kynning leiðbeinanda.

### Námsefni:

---

T.d. næringartöflur og annað efni frá leiðbeinanda.



### Námsmarkmið:

---

Að námsmenn

- auki færni sína í að beita viðeigandi hreinsiefnum og aðferðum við þrif.
- auki færni sína í réttri líkamsbeitingu við þrif.
- þekki áhrif ræstiefna á umhverfið.
- verði færir um að velja umhverfisvæn hreinsiefni.

### Námslýsing:

---

Kennd vinnubrögð og farið yfir mikilvægi réttra vinnustellinga, einnig lögð áhersla á umhverfismál og áhrif sem ýmis ræstiefni geta haft á umhverfið.

### Námsaðferð:

---

Kynning leiðbeinanda og verklegar æfingar.

### Námsefni:

---

T.d. efni frá leiðbeinanda.



### Námsmarkmið:

---

Að námsmenn

- leggi mat á námið og markmið þess.
- þekki ábyrgð sem fylgir því að meta sjálfa sig og aðra.
- leggi mat á markmið sín og framfarir sínar í náminu.

### Námslýsing:

---

Í lok námsins fara námsmenn yfir hverju námið hefur skilað hverjum einstökum og hópnum í heild. Námsmenn bera saman stöðu sína nú í lok námsins við markmið sem þeir settu sér í upphafi námsins og væntingar sem þeir höfðu þá til þess. Leiðbeinendur meta árangur námsmanna án þess að nota hefðbundin próf, meta námsferlið og nota símataðferðir til að staðfesta að námsmenn hafi náð lokamarkmiðum námsleiðarinnar á viðunandi hátt svo og markmiðum námsþátta námsins. Námsmenn leggja mat á námið, markmið námsleiðarinnar, skipulag vinnunnar, leiðbeinendur og aðra þætti námsstarfsins.

### Námsaðferð:

---

Leiðbeinandi stjórnar umræðum og leggur t.d. fyrir gátlista, umsagnarblöð eða annað sem hjálpar til þess að námsmenn geti unnið skipulega að mati sínu.

### Námsefni:

---

T.d. námsskrá auk markmiða og væntinga námsmanna í upphafi náms.



Menntamálaráðuneytið hefur samþykkt að meta Grunnám fyrir skólaliða til styttingar á námi í framhaldsskóla til allt að 6 einingum. Meta má námið á móti allt að 6 einingum í vali, 6 einingum á kjörsviði og/eða til almennra greina eftir styrkleika viðkomandi einstaklings.

Nám og námsþætti í þessu námi má til dæmis meta á móti eftirfarandi áföngum í AÐALNÁMSKRÁ FRAMHALDSSKÓLA 2004:

SAS 103 Samskipti og samstarf

UPP 103 Uppeldisfræði

Til að meta styrkleika einstaklings er hægt að nota einhverja af eftirtöldum aðferðum:

1. Framlögð gögn um fyrra nám, t.d. staðfestingu frá leiðbeinanda í skólaliðanáminu.
2. Starfsferilsskrá.
3. Viðtöl við einstakling, þar með talið sjálfsmat.
4. Stöðupróf.

**Ekki er tryggt að námsmaður geti nýtt allar einingarnar til styttingar á námi í framhaldsskóla, það fer eftir tegund náms og námsferli viðkomandi námsmanns.**



**Fræðslumiðstöð atvinnulífsins ehf.** var stofnuð af Alþýðusambandi Íslands og Samtökum atvinnulífsins í desember 2002.

**Hlutverk hennar** er að vera samstarfsvettvangur stofnaðilanna um fullorðinsfræðslu og starfsmenntun í samstarfi við aðrar fræðslustofnanir á vegum aðildarsamtaka ASÍ og SA.

**Fræðslumiðstöð atvinnulífsins** vinnur samkvæmt samþykktum og þjónustusamningi sem gerður hefur verið við menntamálaráðuneytið.

**Starfsemin** beinist að þeim sem ekki hafa lokið námi úr framhaldsskóla og innflytjendum.

**Markmiðið** er að veita starfsmönnum, sem ekki hafa lokið prófi frá framhaldsskóla, tækifæri til að afla sér menntunar eða bæta stöðu sína á vinnumarkaði.



[www.frae.is](http://www.frae.is), sími 599 1400